

**Útgefandi**

Læknafélag Íslands  
Læknafélag Reykjavíkur

**Ritstjórn**

Engilbert Sigurðsson,  
ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Anna Gunnarsdóttir  
Gylfi Óskarsson  
Hannes Hrafnkelsson  
Sigurbergur Kárason  
Tómas Guðbjartsson  
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir  
Þórunn Jónsdóttir

**Tölfræðilegur ráðgjafi**

Thor Aspelund

**Ritstjórnarfulltrúi**

Védis Skarphéðinsdóttir  
vedis@lis.is

**Blaðamaður og**

**ljósmyndari**

Hávar Sigurjónsson  
havar@lis.is

**Auglýsingastjóri og ritari**

Dögg Árnadóttir  
dogg@lis.is

**Umbrot**

Sævar Guðbjörnsson  
saevar@lis.is

**Upplag**

1700

**Áskrift**

10.900,- m. vsk.  
Lausasala  
1090,- m. vsk.

**Prentun, bókband**

**og pökkun**

Oddi,  
umhverfisvottuð  
prentsmiðja  
Höfðabakka 3-7  
110 Reykjavík

**© Læknablaðið**

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdráttir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition og Scopus.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Þórður Þórkelsson, Jón Steinar Jónsson og Helgi Júlíus Óskarsson léku á als oddi.

## Tónelskir læknar á Rosenberg

Efnt var til tónleika á Café Rosenberg mánudagskvöldið 10. september þar sem fram komu læknar og fluttu frumsamda tónlist í bland við lög eftir aðra. Fyrstur steig á svið söngoktett Jóns Steinars Jónssonar, skipaður félagum hans úr karlakórnum Fóstbræðrum. Þá kom fram Þórður Þórkelsson og síðan jasshljómsveit Guðlaugar Þórsdóttur ásamt Ingólfi Kristjánssyni og Bolla Þórssyni. Næstur var Ragnar Danielsen og í kjölfarið fylgdi tríó þeirra Jóns Steinars, Þórðar Þórkelssonar og Helga Júlíusar Óskarssonar. Helgi kom síðan fram einn en á eftir honum steig Haukur Heiðar Hauksson úr Diktu á sviðið og flutti frumsamín lög. Michael Clausen rak síðan smíðshöggjö á dagskrána er hann kom fram ásamt hljómsveit.

Að sögn Helga Júlíusar Óskarsson er skipulagði dagskrána er þegar búið að ákveða að gamanið verði endurtekið þann 24. janúar 2013 á Læknadögum en þó með öðrum flytjendum úr læknastétt. Framboðið á tónlistarmönnum úr röðum lækna mun slíkt að auðvelt væri að fylla dagskrá þriðja kvöldsins án þess að til endurtekninga þurfi að koma, segir Helgi.

### LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Myndirnar á forsiðu eru úr röð verka eftir unga listakonu, **Önnu Hrund Másdóttur** (f. 1981), sem lærði hér á landi í Listaháskólanum. Um er að ræða ljósmyndir sem virðast sýna einhvers konar abstraktmálverk eða skúlptúr þar sem litir flæða frjálst innan sama endurtekna formsins. Þegar betur er að gáð og heiti verkanna liggur fyrir, rennur upp fyrir manni ljós: **Eyrnatappar (fyrir Roni Horn)**, 2010. Hvert verk er 50 x 70 cm að stærð. Athygli manns er beint að hversdagslegum hlut frá óvæntum sjónarhóli. Það er leikur í þessum verkum Önnu Hrunnar því þau eru litaglöð og falleg og það er óvenjulegt að sjá nauðaómerkilegri fjöldaframleiðslu gert svo hátt undir höfði. Hún lét sér ekki nægja að ljósmynda eyrnatappana, heldur vann með þá á ýmsan hátt í tölverðan tíma; raðaði þeim, flokkaði, teiknaði, málaði, gerði eftirmyndir í postulín og leir og margt fleira. Þegar þessir kunnuglegu brúkslutir eru myndaðir og sýndir stórir, vekja þeir furðu og virka hálfframandi. Hugurinn tekur á rás og maður veitir því til dæmis athygli að verkfæri sem hefur þá virkni að úti-



loka hljóð er gert myndrænt - einu skyngfæri er gert herra undir höfði en öðru. Leikurinn nær lengra því verkin eru sett fram sem núningur og andsvar við listasögunni. Anna Hrund tileinkar verkið bandarísku listakonunni Roni Horn sem hefur vanið komir sínar til Íslands undanfarna áratugi. Mörg verka hennar eru unnin hér á landi, meðal annars ljósmyndir hennar af uppstoppuðum fuglum. Hún tekur mynd aftan á fuglshöfuð þannig að við fyrstu sýn er ekki augljóst af hverju myndin er. Strýtulaga form í ýmsum litum teygir sig upp myndflötinn við hvítan bakgrunn. Verkin eru án titils þannig að maður þarf dálítinn tíma til að átta sig á að þetta eru fjaðrir og hamur fugla. Anna Hrund tekur nærmynd af ósköp venjulegum eyrnatöppum úr litríku frauðplasti og stækkar myndina þannig að tapparnir minna óneitanlega mjög á fyrrnefndar fuglamyndir Horn. Í verkum listakvennanna er beitt sömu aðferð til þess að villa um fyrir áhorfandanum og vekja hann til umhugsunar um hvað hann er að horfa á.

**Markús Þór Andrésson**